

Sent iðnaðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 19. mars 2004
2004030008/42-1
SB/hj

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun vetnisráðs

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 4. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun vetnisráðs, 452. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með því að vetnisráð verði stofnað en telur eðlilegt að í ráðinu sitji a.m.k.einn fulltrúi umhverfisráðuneytis, eða undirstofnana þess, sem hefur sérþekkingu á náttúrufræði og náttúruvernd. Þótt vetni sé vistvænt eldsneyti, mun vetnisvæðing Íslands eins og gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni kalla á mikla raforkuframleiðslu með tilheyrandi umhverfiskostnaði. Því er eðlilegt að í vetnisráði sitji fulltrúi náttúruverndarsjónarmiða og hagsmuna.

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottósson,
forstjóri

